

FUNDAGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

129. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 7. janúar 2015 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Sigurvaldason, Matthildur Hjálmarsdóttir. Þórarinn Óli Rafnsson

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Formaður setti fund.

Dagskrá:

1. Samningur milli Vegagerðarinnar og Húnaþings vestra um lausagöngu búfjár á þjóðvegi 1.
2. Vetrarveiði á ref, umsóknir
3. Hundahreinsun í dreifbýli.

Afgreiðslur:

1. Farið yfir samning dags. 7. febrúar 2003 milli Vegagerðarinnar og Húnaþings vestra um lausagöngu búfjár á þjóðvegi 1. Samþykkt að fara yfir samninginn og kanna hvort einhverjar breytingar þurfi að gera á honum.
2. Fram lagðar umsóknir frá aðilum er vilja stunda vetrarveiðar á ref í Húnaþingi vestra til 15. apríl nk. Umsóknir bárust frá eftirtöldum aðilum
Jónasi Jónassyni.
Guðmundi Pálssyni.
Hannesi G. Hilmarssyni.
Ara Arasyni.
Kristófer Jóhannessyni.
Tómas Gunnari Sæmundssyni.
Landbúnaðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að gera samninga við eftirtalda umsækjendur, Hannes G. Hilmarsson, veiði vestan Hrútafjarðar og Tómas Gunnar Sæmundsson veiði austan Hrútafjarðar. Einnig að gera samning að uppfylltum skilyrðum sem koma fram í auglýsingu um vetrarveiði á ref við Kristófer Jóhannesson um veiði í Miðfirði og Vesturhópi og Ara Arason um veiði í Víðidal. Samningarnir gildi til 15. apríl nk. Samningshafar skuli hafa skilað inn skottum og reikningum í síðasta lagi 25. apríl 2015.
3. Hundahreinsun í dreifbýli. Landbúnaðarráð beinir því til sveitarstjórnar að auglýsa skyldur hundeigenda í dreifbýli til að láta ormahreinsa hunda sína einu sinni á ári. sbr. reglugerð nr. 941/2002.
4. Landbúnaðarráð lýsir áhyggjum yfir hundum sem tynst hafa uppi á heiðum, og hættu sem af þeim getur stafað.

Næsti fundur ákveðinn 4. febrúar nk. kl 13:00

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Sigríður Ólafsdóttir

Þórarinn Óli Rafnsson

Matthildur Hjálmarsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir